

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 21. september 2017 kl. 9:30, en þetta var 54. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (29. júní 2017) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

Rætt var áfram um útgáfu þriðja heftis „Orðasafns í líffærafræði“. JHJ hafði sent nefndarmönnum fyrir fundinn skjal með um 200 færslum um helstu slagæðar líkamans ásamt skilgreiningum. Hannes Petersen hefur þegar lesið yfir þetta skjal og var það yfirfarið á fundinum. Samsvarandi skjal með bláæðum líkamans, rúmlega 200 færslur, er í yfirlestri. Skjal með um 40 almennum heitum í æðakerfinu hafði einnig verið sent nefndarmönnum og var yfirfarið á fundinum. Vessaæðakerfið er einnig tilbúið til yfirlestrar. Allt heftið mun innihalda 450-500 færslur. Æskilegast væri að yfirlestrinum yrði lokið á næstunni þannig að heftið gæti komið út í október.

3. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 19. okt. 2017 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:20.